


## 2. TUNGUMÁL

Hvernig skipti ég um tungumál í Teams?  
(breytir viðmóti úr ensku í íslensku)

1. Smelltu á punktana þrjá vinstra megin við hliðina á prófíl myndinni.






2. Smelltu á **Settings**.
3. Á skjánum sérðu svæði með fyrirsögninni **Language**. Þar undir þarf að haka við setninguna: **Follow Microsoft 365 account language** (English). Smelltu á orðið **Manage** þar fyrir aftan.



4. Nú opnast nýr vafragluggi þar sem fyrirsögnin er **Settings & Privacy** (Stillingar og persónuvernd). Efsti valmöguleikinn er **Display language** (Birtingartungumál). Smelltu á örvatáknið hægra megin í þeim kassa.





5. Smelltu á **Change display language** sem birtist sem blár textakassi.
6. Í Search gluggann skrifar þú **Icelandic** og þá birtist sá valmöguleiki fyrir neðan gluggann.



Smelltu á hann (Icelandic (Iceland)) og svo á **Select** sem birtist sem blár textakassi.

7. Þá birtist pop-up gluggi, smelltu á **Update**.
8. Nú ættu leiðbeiningar að birtast á íslensku. Veldu **Já, skrá út núna**.
9. Veldu reikninginn (account) sem er tengdur við vinnusvæðið þitt. Hinkraðu aðeins... og svo þarftu að velja sama reikning aftur.



10. Nú ætti síðan **Stillingar og persónuvernd** að birtast og allur texti á íslensku. Lokaðu þessum vafraglugga og farðu aftur í Teams vafragluggann. Þar er allt ennþá á ensku. Smelltu á refresh táknið  uppi, vinstra megin á síðunni (við netslóðagluggann).
11. Þá birtist textagluggi ofarlega á síðunni með skilaboðunum: **Language changes detected...** Smelltu á **Apply and restart** textakassann hægra megin við skilaboðin.
12. Ef það birtist pop-up gluggi þar sem stendur **Translate page from Icelandic** má smella á x-ið uppi í hægra horninu á glugganum.

Nú er Teams viðmótið stillt á íslensku!